



Launaþróun á næsta samningstímabili verður svipuð og var á síðasta ári

Nýir kjarasamningar ákvarða launaþróun

Í byrjun apríl voru undirritaðir kjarasamningar milli Samtaka atvinnulífsins (SA) annarsvegar og verka-, verslunar- og skrifstofufólks innan ASÍ. Mánuði síðar voru undirritaðir samningar milli hópa iðnaðarmanna innan ASÍ og SA. Þessir samningar voru allir samþykktir. Samningarnir eru til tæpra fjögurra ára og renna út í lok október 2022.

Samningarnir eru allir í formi krónutöluhækkana og hækka lægstu laun um a.m.k. 90 þús. kr. á samningstímabilinu og önnur launum 68 þús. kr. á tímabilinu.

Ætla má að áhrif beinna launahækkana vegna samningsins verði að meðaltali 3-4% á ári og með spá um hóflegt launaskrið í kjölfarið mun launavísitalan hækka eitthvað meira, en þó má búast við að hækkanir verði nokkuð lægri en var að jafnaði á síðasta samningstímabili.


Ráðstöfunartekjur munu hækka meira

Gangi tillögur um lækkun tekjuskatts eftir munu ráðstöfunartekjur hækka meira en launatekjur, sérstaklega hjá tekjulægri hópum. Sé litið einangrað á áhrif kjarasamningsins á fyrsta rúma árinu, þ.e. tvær fyrstu launahækkarnir og áætlaðar breytingar á tekjuskatti miðað við 350 þús. kr. mánaðartekjur segir lauslegt mat að launin muni hækka beint um 11,7% og ráðstöfunartekjur um 12,9% á þessu rúma ári, verði skattbreytingarnar komnar til framkvæmda. Miðað við verðbólguþátt mun þetta fela í sér verulega kaupmáttaraukningu fyrir hópa með tekjur á þessu bili.

Hagvaxtarauki


Í kjarasamningnum eru ákvæði um að laun geti hækkað umfram fyrr greindar launahækkarnir á árunum 2020-2023 aukist landsframleiðsla á mann um meira en 1%. Þær hækkanir munu nýtast þeim tekjulægri meira en öðrum og verða meiri eftir því sem hagvöxtur er hærri.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Lauslegt mat á breytingum 350 þús. kr. tekna fram til maí 2020



Heimild: Hagfræðideild

Breyting landsframleiðslu á mann



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild. 2019-'21 byggir á spá Hagstofu um mannfjölda og spá Hagfræðideildar um hagvöxt.



Það er nokkuð ljóst að ekki mun koma til launabreytinga á næsta ári vegna hagvaxtar á yfirstandandi ári, og tæplega á árinu 2021. Miðað við opinberar spár gæti hagvöxtur á mann aukist um u.þ.b. 1% á árinu 2021 og þannig hækkað laun lítillega í maí 2022.

Svipuð launaþróun áfram

Samkvæmt tölum Hagstofunnar hækkaði launavísitalan um 1,5% milli mars og apríl. Breytingin á ársgrundvelli var 6,8% sem er mesta ársbreyting frá apríl 2018. Áhrif kjarasamningsins voru væntanlega ekki komin öll inn í launavísitöluna í apríl þannig að vænta má að tölur verði svipaðar í maí.

Launaþróun hefur haldið í við verðbólgu

Kaupmáttur launa hefur staðið nokkurn veginn í stað undanfarna mánuði, og tók nokkuð stökk upp á við í apríl. Kaupmáttur var þannig 3,4% meiri í apríl 2019 en í apríl í fyrra.

Laun stóru hópanna


Sé litið á launabreytingar stóru hópanna á vinnumarkaði á einu ári, frá febrúar 2018 til febrúar 2019, má sjá að launahækkanir á opinbera markaðnum hafa verið heldur meiri en á þeim almenna, eða tæp 6% á móti 5,3%.

Enn óvissa þrátt fyrir kjarasamning

Þrátt fyrir að kjarasamningum hafi verið lokið á nær öllum almenna markaðnum er enn óvissa framundan. Nær allur opinberi markaðurinn er með opna samninga og þeir síðustu þar renna út í lok þessa mánaðar. Ekki er víst að samningar á almenna markaðnum verði notaðir sem fyrirmynd á þeim opinbera. Ekki hefur mikið sést enn um efndir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, t.d. um skattbreytingar og húsnæðismál.


Í september 2020 og 2021 mun fara fram mat á þeim árangri sem samningurinn hefur skilað og verður þar litið t.d. til kaupmáttar, vaxtastigs og efnda ríkisstjórnar.

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launahækkun einstakra hópa feb 2018 - feb 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.